

15. gr.

Reglur þessar sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 107/1970, um félagsheimili, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 23. júlí 1976.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202 11. september 1970, um lánveitingar Húsnæðismálastjórnar, með síðari breytingum.

1. gr.

10. gr. 2. mgr. orðist svo:

Eigi umsækjandi íbúð, þegar hann leggur inn umsókn um lán, skal hann leggja inn sölusamning eða afsal vegna hennar áður en síðasti hluti lánsins kemur til greiðslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með skv. lögum nr. 30 12. maí 1970, sbr. lög nr. 72/1972 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. júlí 1976.

Gunnar Thoroddsen.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið

1. júlí til 30. september 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð Fiskiðnarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1976:

Óverkaður saltfiskur

Stórfiskur nr. I	kr.	307.00
Millifiskur nr. I	—	294.00
Smáfiskur 40/60 nr. I	—	248.00
Smáfiskur 60/100 nr. I	—	220.00

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Söltuð ufsaflök		kr.	
15/20	256.00	
21/25	247.00	—
26/30	238.00	—
31/35	230.00	—
36/40	221.00	—

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. júlí 1976.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

Nr. 304.

6. júlí 1976.

AUGLÝSING

um umferð í Fellahreppi.

Samkvæmt ályktun hreppsnefndar Fellahrepps hefir verið ákveðið, að eftirtalinn vegkaflí í hreppnum skuli talinn aðalbraut:

Austurlandsvegur frá Lagarfljótsbrú til vesturs, uns þéttbýli lýkur.

Aðalbrautir njóta þeirra forréttinda, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá vegum, sem að þeim liggja, skal skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautar eða staðnæmast, áður en beygt er inn á aðalbraut, ef þess gerist þörf.

Sýslumaður N.-Múlasýslu, Seyðisfirði, 6. júlí 1976.

Erlendur Björnsson.

Nr. 305.

23. júlí 1976.

AUGLÝSING

um umferð í Borgarfirði eystra.

Samkvæmt ályktun hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps hefir verið ákveðið, að eftirtalinn vegkaflí í hreppnum skuli talinn aðalbraut:

Borgarfjarðarvegur frá Bakkaárbrú til austurs, uns honum lýkur, og síðan í framhaldi af honum Desjarmýrarvegur að fólkvangi við Álfaborg.

Aðalbrautir njóta þeirra forréttinda, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá vegum, sem að þeim liggja, skal skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautar eða staðnæmast, áður en beygt er inn á aðalbraut, ef þess gerist þörf.

Sýslumaður N.-Múlasýslu, Seyðisfirði, 23. júlí 1976.

Erlendur Björnsson.